

# Starfsáætlun

## Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2021-2022



Gleði – öryggi – vinátta  
[www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is)

**Efnisyfirlit**

|                                       |    |
|---------------------------------------|----|
| 1. Um leikskólann.....                | 2  |
| 2. Tölulegar upplýsingar – börn ..... | 2  |
| 3. Stoðþjónusta.....                  | 2  |
| 4. Starfsmannamál.....                | 3  |
| 5. Faglegar áherslur.....             | 4  |
| 6. Mat og umbætur.....                | 6  |
| 6.1. Innra mat - áætlun .....         | 6  |
| 6.1.1. Stjórnun.....                  | 6  |
| 6.1.2. Uppeldis og menntastarf.....   | 8  |
| 6.1.3. Mannauður.....                 | 8  |
| 6.1.4. Leikskólabragur.....           | 9  |
| 6.1.5. Innra mat.....                 | 9  |
| 6.2. Aðrir matsþættir.....            | 10 |
| 6.3. Styrkleikar .....                | 11 |
| 6.4. Tækifæri til umbóta.....         | 12 |
| 6.4.1. Stjórnun.....                  | 12 |
| 6.4.2. Uppeldis- og menntastarf ..... | 13 |
| 6.4.3. Leikskólabragur.....           | 16 |
| 7. Samstarf við grenndarsamfélag..... | 18 |
| 8. Samstarf við foreldra .....        | 18 |

## 1. Um leikskólann

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin er staðsett í suðurenda Hamarsskóla, sem stendur við Foldahraun. Víkin samanstendur af þremur deildum, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti ásamt því að hafa fjórðu stofuna, Herjólfsdal til umráða. En í Herjólfsdal er aðstaða fyrir starfsfólk, leikrými fyrir börn og lítið herbergi fyrir sérkennslu sem er kallað Fjósaklettur. Opnunartími Víkurinnar er 07:30-16:30 alla virka daga.


Skólastjóri Grunnskóla Vestmannaeyja er Anna Rós Hallgrímsdóttir [annaros@grv.is](mailto:annaros@grv.is), aðstoðarleikskólastjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir [gudrun@grv.is](mailto:gudrun@grv.is), sími á skrifstofu 488-2231. Deildarstjóri á Heimakletti er Sigríður Diljá Magnúsdóttir [dilja@grv.is](mailto:dilja@grv.is) og er síminn á Heimakletti 488-2226. Deildarstjóri á Miðkletti er Marta Karlsdóttir [martakarls@grv.is](mailto:martakarls@grv.is) og er síminn á Miðkletti 488-2227. Deildarstjóri á Ystakletti er Agnes Líf Sveinsdóttir [agneslif@grv.is](mailto:agneslif@grv.is) og er síminn á Ystakletti 488-2228.

Á heimasíðu Grunnskóla Vestmannaeyja má finna áætlanir og verkferla varðandi öryggis- og slysavarnarmál <https://www.grv.is/is/skolinn/aaetlanir>.

Skólaárið 2021-2022 er þrettánda starfsár leikskóladeildarinnar, en fimmta starfsár hennar undir Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Starfsáætlun þessi tekur gildi 1. september 2021 og er afhent Vestmannaeyjabæ.

## 2. Tölulegar upplýsingar – börn

Við upphaf skólaársins 2021 - 2022 eru 47 börn í leikskólanum. Þar af eru 28 strákar og 19 stelpur og eru það 301,44 dvalargildi. Í súluriti hér að neðan sést hvernig vistunartími barna í Víkinni raðast niður eftir klukkutímum.



## 3. Stoðþjónusta

Guðrún Benónýsdóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ og mun hún vera hjá okkur eftir hádegi á miðvikudögum og fyrir hádegi á föstudögum. Þá sinnir hún ráðgjöf og greiningu ásamt því að taka börn í þjálfun. Guðrún sinnir þjálfun hjá þeim

börnum sem eru með stuðning einu sinni í viku ásamt því að skipuleggja og fylgjast með þeirri þjálfun sem stuðningsaðilar sinna.

Nina Anna Dau er sérkennari hjá Grunnskóla Vestmannaeyja og fáum við tólf kennslustundir á viku þar sem hún sinnir málörvun í litlum hópum. Hún sá einnig um framkvæmd Hljóm-2 prófsins í ár. Við upphaf skólaárs 2021 eru 18 börn í sérkennslu hjá Ninu sérkennara, þar af eru 12 börn sem eru einnig í þjálfun hjá Guðrúnu. En sífellt er verið að meta og skoða hvort fleiri börn þurfi sérkennslu.

Hljóm-2 prófið var tekið á þeim börnum sem höfðu aldur til í september og þá kom í ljós að talsvert var af börnum sem þurftu auka örvun. Þau börn eru nú í málörvun hjá Ninu ásamt öðrum. Tvö börn eru fjórtyngd og tvö börn eru tvítyngd.

Fjögur börn er með stuðning inni á deild, eitt barn er með með sjö tíma, tvö börn eru með fimm tíma samnýttan stuðning og eitt barn með fjóra tíma.

Sjö börn fara reglulega í talþjálfun hjá Tinnu Tómasdóttur talmeinafræðingi og eru fjögur börn á bið eftir þjónustu talmeinafræðings. Þegar börn þurfa að komast í greiningarferli vegna e-a fráviks þá sér sálfræðingur um slíkt og eru fjögur börn á bið eftir þjónustu sálfræðingi. Eitt barn er á bið eftir að komast að á Ráðgjafar- og greiningarstöð.

#### **4. Starfsmannamál**

Komandi skólaár munu þrjár deildir vera starfræktar í Víkinni. Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur. Reiknað er með þremur starfsmönnum á deild og á tveimur þeirra sinnir þriðji starfsmaðurinn stuðningi. En á einni deildinni verða þrír starfsmenn ásamt starfsmanni sem fer með stuðning inni á deild.

Aðstoðarleikskólastjóri sér að mestu um skipulag og utanumhald starfseminnar í góðu samstarfi við skólastjóra Grunnskólans. Í Víkinni eru því 15 starfsmenn í 12,21 stöðugildum.

Þá eru nokkrir starfsmenn innan skólans og tónlistarskólans sem sinna kennslu einn tíma á viku, annað hvort tímabundið eða yfir veturinn. Bryndís Jónsdóttir er með leikfimi fyrir börnin einu sinni í viku, Eyvindur Ingi Steinarsson sér um tónlistarkennslu einu sinni í viku og Súsanna Georgsdóttir sér um danskennslu einn tíma á viku eftir áramót.

Aðrir starfsmenn sem koma ekki að starfinu á beinan hátt eru, Einsi Kaldi og hans starfsfólk sem sér um hádegismatinn okkar, skólaliðar sjá um að færa okkur morgunmat og nónkaffi, ásamt því að skammta mat niðri í matsal í hádeginu. Í lok hvers dags, kl. 16 tekur svo Frístundaverið við þeim tveimur börnum sem eru með vistun til kl. 16.30 og klárar daginn með þeim börnum. Við lok hvers dags kemur svo starfsfólk frá Alþrif og sér um þrif á leikskóladeildinni.

## 5. Faglegar áherslur

Við leitumst við að rækta hæfileika barnsins sem koma til með að nýtast því sem best í nútímasamfélagi. Mikilvægt er því að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti.

Einnig er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi þar sem þeim líður vel og finna fyrir öryggi. Okkar aðalmarkmið er að frá okkur útskrifist kát og glöð börn, sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Jafnframt að börnin hafi þann félagsþroska og almenna færni sem þarf til að takast á við næsta skólastig.

Víkin leggur mikla áherslu á læsi og stærðfræði og vinnur að framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

Markmið og hlutverk framtíðarsýnar er að skólarnir í sveitarfélaginu verði meðal þeirra fremstu á landinu hvað varðar vellíðan nemenda, faglegt starf, kennslu og námsárangur.

Í íslenskunni er áhersla lögð á að vinna með *Lubbi finnur málbeinið* og læra börnin þar stafina, máhljóðin og málrækt í gegnum leik og starf. Við nýtum okkur kennsluáðferðina *Leikur að læra*, ásamt því að spila, syngja og kenna í gegnum frjálsan leik.

Í stærðfræðinni vinnum við eftir bókinni *Sprota*, greinum námsefnið í henni og er leikur og efniviður skipulagður til að örva þá þætti sem þar er verið að kenna. Þar leggjum við áherslu á mynstur, tölur, talningu, form og flokkun. Til þess notum við m.a. kennsluáðferðina *Leikur að læra* ásamt því að vinna markvisst með bæði *Numicon* kubba og einingakubba.

Í sköpun leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig í gegnum listirnar. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum frelsi til að vinna á eigin forsendum og eflum þannig sjálfstæði og sköpunargleði þeirra. Þar fer fram þjálfun á fínhyringum, efling á hugmyndaauðgi og frumkvæði og að vinna hugsanir sínar í gegn um mismunandi efnivið. Þar fer einnig fram úrvinnsla á því sem þau hafa lært í þemavinnunni okkar, sem fer að miklu leyti fram inni á deildunum.

Við skiptum árinu niður í þemu og lita þau starfið okkar yfir árið. Þau þemu sem unnið verður með á skólaárinu 2021 – 2022 eru: eyjafuglar, gleði, öryggi og vinátta (einkunnaorð GRV), dagur íslenskrar tungu, fjölskyldan, jólin, eldgosíð, þorrinn, hafið, páskar, Tyrkjaránið og fjölmening.



*Stig af stigi* er kennsluefni fyrir 4 - 10 ára börn. Námsefninu er skipt upp í þrjá hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla. Á þessum árum reynir mikið á félagsfærni barna enda eru börnin sífellt að kynnast nýju fólki og umhverfi.

Leiðir til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna eru margar, s.s. hrós og hvatning og að stuðla að vináttu og tengslamyndun. Í Stig af stigi er markmiðið að efla félags- og tilfinningaþroska barna og að þau læri að sýna viðurkennda hegðun og koma tilfinningum sínum í orð.

Einu sinni í viku fáum við markvissa tónlistarkennslu en þá fáum við tónlistarkennara til okkar sem syngur og leikur með börnunum.

Útivera er öllum börnum mikilvæg. Á Íslandi er allra veðra von, en mikilvægt er að börn venjist íslenskri veðráttu strax. Við leggjum því áherslu á að reyna að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.

Víkin heyrir undir Grunnskóla Vestmannaeyja og vinnur náið með skólanum að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla til að gera upphaf grunnskólagöngu eins auðveldar og mögulegt er. Hluti af þessu samstarfi er að æfa sig að fara í íþróttahúsið, þar er farið í leikfímistíma undir leiðsögn íþróttakennara skólans. Þar fá börnin útrás og þjálfar grófhreyfingar ásamt því að læra að fara í búningasklefana og klæða sig í og úr fyrir og eftir tímann.

Við fáum einn tíma á viku í danskennslu eftir áramót. Þar lærum við nokkra dansa og tókum þátt í danssýningu með hinum börnum skólans.

Í maí er vorskólinn, en það eru einu sinni í tvo klukkutíma þar sem börnin fara í skólann. Þau fara í stofuna sína og hitta tilvonandi kennara sinn. Þar vinna þau verkefni, fara í frímínútur og borða nesti.

Skóladagatal Víkurinnar fyrir skólaárið 2021-2022 má finna á heimasíðu skólans <https://vikin.leikskolinn.is/> undir flípanum *Skólastarfið*. Hér má svo sjá dagskipulag deildanna.

| Mánudagur  | Þriðjudagur  | Miðvikudagur  | Fimmtudagur  | Föstudagur                                     |
|--|--|---|--|--|
| Kl. 7.30<br>Leikskólinn opnar<br>/ Róleg stund         | Kl. 7.30<br>Leikskólinn opnar<br>/ Róleg stund               | Kl. 7.30<br>Leikskólinn opnar<br>/ Róleg stund                    | Kl. 7.30<br>Leikskólinn opnar<br>/ Róleg stund               | Kl. 7.30<br>Leikskólinn opnar<br>/ Róleg stund |
| Kl. 8:00-8.45<br>Morgunmatur /<br>Róleg stund          | Kl. 8:00-8.45<br>Morgunmatur /<br>Róleg stund                | Kl. 8:00-8.45<br>Morgunmatur /<br>Róleg stund                     | Kl. 8:00-8.45<br>Morgunmatur /<br>Róleg stund                | Kl. 8:00-8.45<br>Morgunmatur /<br>Róleg stund  |
| Kl. 8.45-9.00<br>Samvera                               | Kl. 8.45-9.00<br>Samvera                                     | Kl. 8.45-9.00<br>Samvera  | Kl. 8.45-9.00<br>Samvera                                     | Kl. 8.45-9.00<br>Samvera                       |
| Kl. 9.00-10.00<br>Lubbi - Yk<br>Val/útivera -<br>Hk/Mk | Kl. 9.00-10.00<br>Lubbi - Hk<br>Stærðfr. - Mk<br>Listir - Yk | Kl. 9.00-10.00<br>Val - Yk<br>Stærðfr. - Hk<br>Listir - Mk        | Kl. 9.00-10.00<br>Lubbi - Mk<br>Stærðfr. - Yk<br>Listir - Hk | Kl. 9.00-10.00<br>Val / útivera                |
| Kl. 10-11/11.30<br>Útivera / val                       | Kl. 10-11/11.30<br>Útivera / val                             | Kl. 10-11/11.30<br>Útivera / val<br>Kl. 10-10.40<br>Íþróttir - Yk | Kl. 10-11/11.30<br>Útivera / val                             | Kl. 10-11/11.30<br>Útivera / val               |

|   |  |  |  |  |
|---|--|--|--|--|
| Kl. 11-11.30 /<br>11.30-12<br>Samvera   | Kl. 11-11.30 /<br>11.30-12<br>Samvera                                    | Kl. 11-11.30 /<br>11.30-12<br>Samvera                                    | Kl. 11-11.30 /<br>11.30-12<br>Samvera                                    | Kl. 11-11.30 /<br>11.30-12<br>Samvera                                  |
| Hádegismatur<br>11.30 (st.11) - Mk<br>12 (st.11) - Hk<br>12 (salur) - Yk                              | Hádegismatur<br>11.30 (st.11) - Mk<br>12 (st.11) - Hk<br>12 (salur) - Yk | Hádegismatur<br>11.30 (st.11) - Hk<br>12 (st.11) - Yk<br>12 (salur) - Mk | Hádegismatur<br>11.30 (st.11) - Hk<br>12 (st.11) - Yk<br>12 (salur) - Mk | Hádegismatur<br>11.30 (st.11) Yk<br>12 (st.11) - Mk<br>12 (salur) - Hk |
| Kl. 12/12.30-13<br>Rólegt / Hvíld   | Kl. 12/12.30-13<br>Rólegt / Hvíld  | Kl. 12/12.30-13<br>Rólegt / Hvíld  | Kl. 12/12.30-13<br>Rólegt / Hvíld  | Kl. 12/12.30-13<br>Rólegt / Hvíld                                      |
| Kl. 12.30-13.10<br>Íþróttir - Mk<br>Kl. 13.10-13.50<br>Íþróttir - Hk<br>Kl.13.00-14.00<br>Val/útivera | Kl.13.00-14.00<br>Val/útivera  | Kl.13.00-14.00<br>Val/útivera  | Kl.13.00-14.00<br>Val/útivera  | Kl.13.00-14.00<br>Val/útivera  |
| Kl. 14.00-14.30<br>Samvera  | Kl. 14.00-14.30<br>Samvera   | Kl. 14.00-14.30<br>Samvera   | Kl. 14.00-14.30<br>Samvera   | Kl. 14.00-14.30<br>Samvera   |
| Kl. 14.30-15.00<br>Nónhressing  | Kl. 14.30-15.00<br>Nónhressing   | Kl. 14.30-15.00<br>Nónhressing   | Kl. 14.30-15.00<br>Nónhressing   | Kl. 14.30-15.00<br>Nónhressing   |
| Kl. 15.00-16.30<br>Frjáls leikur /<br>útivera   | Kl. 15.00-16.30<br>Frjáls leikur /<br>útivera                            | Kl. 15.00-16.30<br>Frjáls leikur /<br>útivera                            | Kl. 15.00-16.30<br>Frjáls leikur /<br>útivera                            | Kl. 15.00-16.30<br>Frjáls leikur /<br>útivera                          |
| 16.30 Leikskólinn<br>lokar  | 16.30 Leikskólinn<br>lokar   | 16.30 Leikskólinn<br>lokar   | 16.30 Leikskólinn<br>lokar   | 16.30 Leikskólinn<br>lokar   |

## 6. Mat og umbætur

Í ár er þriðja árið í innleiðingu á innra mati leikskólans. Ætlunin er að byrja rólega og vinna að því að fastmóta það á næstu árum. Hér er skammtímaáætlunin um innra mat Víkurinnar þetta skólaárið. Við komum til með að hafa eftirfarandi þætti sem á að meta til hliðsjónar á deildastjóra-, deilda- og starfsmannafundum vetrarins og munum svo á fundum í maí meta hvað gekk vel og hvað má betur fara.

### 6.1. Innra mat - áætlun

#### 6.1.1. Stjórnun

| Viðfangsefni                       | Markmið  | Viðmið   | Gagnaöflun                        | Tímarammi  | Ábyrgðaraðilar   |
|------------------------------------|--|--|-----------------------------------|--|--|
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | *Stefna leikskólans og markmið endurspegla að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna.<br>*Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. | *Aðstoðarleikskólastjóri gegnir forystuhlutverki í samvinnu við skólasamfélagið í heild í að móta sýn og stefnu leikskólans og tryggir að áherslur laga, aðalnámskrár og rekstraraðila og endurspeglast í henni<br>*Stefnan er sýnileg í starfi leikskólans og er fylgt reglulega með henni í gegnum innra mat.<br>*Alhliða nám, heilbrigði, | *Skráning, samræður og gátlistar. | Gagnaöflun lokið feb. 22.<br>Greining á fundum lokið maí 22. | Skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, matsteymi. |

|  |   |  |   |  |  |
|--|---|--|---|--|--|
|  | *Aðstoðar-leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs.  | velferð og vellíðan barna eru í leiðarljósi í stefnu leikskólans og í leikskólastarfinu öllu.<br>*Leikskólastjóri lætur sér annt um velferð starfsmanna sinna, reiðubúin að hlusta á starfsfólk sitt, vinnu náði með þeim og styður þá í faglegu starfi.   |   |  |  |
| Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur               | *Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun og miðla upplýsingum sín á milli.<br>*Leikskólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað.                         | *Aðstoðarleikskólastjóri stjórnar daglegu starfi í leikskólanum og er í forsvari fyrir hann út á við.<br>*Aðstoðarleikskólastjóri og skólastjóri bera ábyrgð á rekstri leikskólans í umboði rekstraraðila og gætir að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármagns.  | Skráningar og samræður.                             | Gagnaöflun upphaf haust 21.<br>Greiningu lokið vor 22.                         | Skólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri                          |
| Faglegt samstarf                                       | *Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.<br>*Samráð er milli leik- og grunnskóla.<br>*Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks. | *Aðstoðarleikskólastjóri leiðir lýðræðislegt samstarf þeirra sem starfa innan leikskólans og stuðlar að umburðarlyndi, jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum starfsfólks.<br>*Faglegt og virkt samstarf er við grunnskóla, stofnanir og aðila í grendarsamfélaginu.<br>*Starfsfólk er vel upplýst með fundum, tölvupóst og rafrænum samskiptaleiðum. | *Skráningar, samræður og rafrænar samskipta-leiðir. | Gagnaöflun lokið feb. 22.<br>Greining á fundum lokið maí 22.                   | Aðstoðar leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk.          |
| Leikskólaþróun og símenntun                            | *Starfsfólk er hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.<br>*Stjórnendur bera ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt.                                       | *Aðstoðarleikskólastjóri sér til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun.<br>*stjórnendur hafa forgöngu um innra mat, fela ákveðnum aðila/aðilum ábyrgð á framkvæmd þess, vinna með þeim að matinu og tryggja að niðurstöður séu notaðar til umbóta.  | Skráning, samræður og gátlistar                     | Gagnaöflun lokið feb. 22.<br>Greining á fundum lokið maí 22                    | Skólastjóri, aðstoðar leikskólastjóri, deildarstjórar, matsteymi |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | *Unnið að gerð skólanáms-skrár.<br>*Meta innra starf eftir áætlunum skólans.  | *Skólanámsskrá byggir á aðalnámsskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun skólans og tekur mið af sérstöðu hans.<br>*Innra mat, allir stefna í sömu átt.   | *Skráning, samræður og gátlistar.                   | *Skólanáms-skrá verði komin vel á veg vor/sumar 2022.<br>*Fræðsla og símat frá | Skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar.            |



|                        |
|------------------------|
| hausti 21 til vors 22. |
|------------------------|

## 6.1.2. Uppeldis og menntastarf

| Viðfangsefni                     | Markmið  | Viðmið  | Gagnaöflun   | Tímarammi   | Ábyrgðaraðilar             |
|----------------------------------|--|---|--|---|----------------------------|
| Skipulag náms og námsaðstæður    | Auka velferð og nám barnanna í skólanum með bættu námsumhverfi.  | Innra mat, bæta námsumhverfi.   | Samræður og gátlistar allra hópa.                    | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22. | Deildarstjórar, matsteymi. |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | *Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta.<br>*Meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum.<br>*Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns. | Innra mat, börnin njóti fjölbreyttra náms- og uppeldiskosta, komið sé fram við þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leiksólans. | Samræður og gátlistar allra hópa.                    | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22. | Deildarstjórar, matsteymi. |
| Námsskið leikskólans             | Meta innra starf eftir áætlunum skólans.   | *Námsumhverfi styðji við máltöku og málproska barna.<br>*Unnið sé að því að efla samskipti barna.                                     | Samræður og gátlistar allra hópa.                    | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22. | Deildarstjórar, matsteymi. |
| Mat á námi og velferð barna      | Tryggja að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber.   | *Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna.<br>*Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta.                          | Hljóm-2, TRAS, þroska-lýsingar, gátlistar, samræður. | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22. | Deildarstjórar, matsteymi. |

## 6.1.3. Mannauður

| Viðfangsefni               | Markmið   | Viðmið  | Gagnaöflun                              | Tímarammi  | Ábyrgðaraðilar                         |
|----------------------------|---|---|---|--|--|
| Hlutverk leikskóla-kennara | *Leikskóla-kennarar skipuleggja og leiða starf á deildum.<br>*Leikskóla-kennarar veita faglega forystu og leiðsögn. | *Leikskólakenn-arar skipu-leggja og leiða uppeldis- og menntastarf. *Þeir útfæra á faglegan hátt þá stefnu sem birtist í lögum um leikskóla og í aðalnámskrá, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu innan leikskólans.<br>*Sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og hæfileikar þeirra og styrkleikar fái að njóta sín. | Skráning, samræður, starfs-mannasamtal. | Gagnaöflun lokið mars. 22. Greiningu lokið maí 22. | Aðstoðarleikskóla-stjóri, skólastjóri. |

|                        |  |   |  |  |                                       |
|------------------------|--|---|--|--|---------------------------------------|
| Fagmennska starfsfólks | *Faglegur metnaður einkennir starf á deildum.<br>*Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað.<br>*Hugmyndum um nýjungar í starfs-háttum er vel tekið.           | *Starfsfólk rækir starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi.<br>*Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann.<br>*Starfsfólk ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.  | Skráning, samræður, starfs-mannasamtal | Gagnaöflun lokið mars. 22. Greiningu lokið maí 22. | Aðstoðarleikskólastjóri, skólastjóri. |
| Starfsánægja           | *Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi.<br>*Starfsfólk er ánægt með starfs-andann í leikskólanum.<br>*Vinnu-aðstaða er góð að mati starfsfólks. | *Starfsfólk er ánægt í starfi og telur hæfni sína vel nýtt.<br>*Starfsfólki líður vel í starfi og upplifir sig sem hluta af starfmannahópnum. Það leggur sitt af mörkum við að mynda góðan starfsanda.<br>*Starfsfólk er ánægt með starfs-umhverfið og vinnuaðstöðu í leikskólanum. | Skráning, samræður, starfs-mannasamtal | Gagnaöflun lokið mars. 22. Greiningu lokið maí 22. | Aðstoðarleikskólastjóri, skólastjóri. |

#### 6.1.4. Leikskólabragur

| Viðfangsefni           | Markmið  | Viðmið   | Gagnaöflun                       | Tímarammi   | Ábyrgðaraðilar             |
|------------------------|--|--|----------------------------------|---|----------------------------|
| Velferð og líðan barna | *Börnin eru glöð og áhugasöm.<br>*Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum.<br>*Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni. | *Börnunum líður vel í leikskólanum og njóta þess að taka þátt í starfinu.<br>*Hvatning og viðurkenning einkenna samskipti við börnin.<br>*Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af fagmennsku og starfsfólk bregst við krefjandi hegðun á upp-byggilegan hátt. | Samræður og gátlistar allra hópa | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22. | Deildarstjórar, matsteymi. |

#### 6.1.5. Innra mat

| Viðfangsefni             | Markmið  | Viðmið  | Gagnaöflun                       | Tímarammi  | Ábyrgðaraðilar   |
|--------------------------|--|---|----------------------------------|--|--|
| Skipulag og viðfangsefni | *Langtíma-áætlun um innra mat (3-5 ár) liggur fyrir. | *Innra mat er notað til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum | Samræður og gátlistar allra hópa | Gagnaöflun lokið feb. 22. Greining á fundum lokið maí 22 | Skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, matsteymi. |

|                               |  |   |  |  |   |
|-------------------------------|--|---|--|--|---|
|                               | *Mat á starfs-<br>háttum fer fram<br>reglulega.  | leikskólans hefur<br>verið náð.<br>*Með innra mati eru<br>einnig metnar leiðir<br>sem farnar eru til<br>að ná<br>markmiðunum.   |  |  |   |
| Gagnaöflun og<br>vinnubrögð   | *Gagna er aflað<br>með aðferðum<br>sem hæfa þeim<br>hópum sem<br>leitað er<br>upplýsinga hjá.<br>*Framkvæmd<br>innra mats er<br>samstarfs-<br>verkefni þeirra<br>sem starfa í<br>leikskólanum. | *Val aðferða við<br>öflun gagna ræðst<br>af viðfangsefninu,<br>hópnum sem leitað<br>er upplýsinga hjá<br>og þeim<br>spurningum sem<br>lagt er upp með.<br>*Lýðræðisleg<br>vinnubrögð og<br>samstarf einkenna<br>innra mat<br>leikskólans og<br>umbótastarf í kjölfar<br>þess. | Samræður og<br>gátlistar allra<br>hópa | Gagnaöflun<br>lokið feb. 22.<br>Greining á<br>fundum lokið<br>maí 22 | Skólastjóri,<br>aðstoðarleikskóla-<br>stjóri, deildar-<br>stjórar, matsteymi. |
| Opinber birting og<br>umbætur | Greinargerðir<br>um innra mat<br>eru birtar á<br>heimasíðu<br>leikskólans.<br>Í greinargerð um<br>innra mat er<br>greining á<br>styrkleikum og<br>tækifærum til<br>umbóta                      | *Innra matið er<br>opinbert og<br>hagsmunaaðilar<br>vita hvar þeir geta<br>nálgast greinar-<br>gerðir um það.<br>*Umbætur eru<br>skilgreindar<br>og skipulagðar á<br>grunni greiningar á<br>styrkleikum og<br>veikleikum.   | Samræður og<br>gátlistar allra<br>hópa | Gagnaöflun<br>lokið feb. 22.<br>Greining á<br>fundum lokið<br>maí 22 | Skólastjóri,<br>aðstoðarleikskóla-<br>stjóri, deildar-<br>stjórar, matsteymi. |

## 6.2. Aðrir matsþættir

Það mat sem við höfum verið með hingað til og munum halda áfram með í vetur er útfyllingalistar fyrir foreldraviðtöl, sem er samantekt úr ýmsum áttum á stöðu barnanna, þá lista erum við með yfir allt árið og skráum hjá okkur jafnóðum í hópastarfi. Þannig fylgjumst við með getu barnanna og sjáum hvar þau standa í hvert sinn.

Í september/október er Hljóm-2 lagt fyrir öll börn leikskóladeildarinnar HLJÓM-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Niðurstöður þessara skimunarprófa eru svo nýttar til að skipuleggja nánar starf okkar þann veturinn. Hljóm-2 próf er svo tekið aftur á þeim börnum sem þurfa auka örvun í lok janúar og framhaldið metið að nýju.

Við notum TRAS skráningu á málproska ungra barna. En nú hafa kennarar frá öllum leikskólum Vestmannaeyja setið slík námskeið og er hugmyndin að framkvæma slíka skráningu á leikskólabörnum í Vestmannaeyjum og munum við í Víkinni svo taka við af Kirkjugerði og Sóla og klára framkvæmd þessarar skráningar. En TRAS (Tíðlig registrering af sprákuvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til

að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega.

### 6.3. Styrkleikar

Í ársskýrslu Víkurinnar frá síðasta skólaári kemur fram að faglegt starf Víkurinnar hafi að flestu leiti gengið vel. Lubbi, stærðfræði og listir fengu að njóta sín ásamt frjálsa leiknum sem var gegnumgangandi í gegn um starfið okkar. Þema vinnan gekk einnig vel og lærðu börnin meðal annars ýmislegt um sögu og menningu Vestmannaeyja, fjölmenningu, hafið, fjölskyldu og vináttu. Við fengum að sjá miklar framfarir hjá okkar börnum og gleði í leik og starfi. En einnig þurftum við að takast á við ýmsar áskoranir og þurftum að læra að vinna markvisst að því sem betur má fara í starfi. Að mörgu leyti eru það þó aðstæður sem há okkur mest í starfi og má þar helst nefna skort á rými og hljóðvist á deildum. Annað tækifæri til umbóta þetta skólaár er að hefja drög að skólanámskrá.

Samstarf milli deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og kennara gekk vel, allir tilbúnir að hjálpast að og andrúmsloftið jákvætt. Samstarf við fagfólk líkt og sérkennara, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing og sálfræðing gekk einnig vel. Samskipti og samstarf milli foreldra og leikskóla var gott og virtust foreldrar ánægðir og vel upplýstir um flest.

Síðasta skólaár var krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt. Þrátt fyrir fordæmalaus tíma náðum við flestum okkar markmiðum í starfi það ár. Við erum stoltar af okkar starfi, okkar samstarfsfólki og okkar börnum.

Stefna okkar þetta skólaár er því að halda áfram á sömu braut og nýta tækifæri til umbóta sem best.

## 6.4. Tækifæri til umbóta

Í kjölfar innra mats sem framkvæmt er á hverju skólaári er farið yfir styrkleika skólans og tækifæri til umbóta. Hér fyrir neðan má sjá þá þætti sem við munum vinna við að bæta þetta skólaár.

### 6.4.1. Stjórnun

| Skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur              |   |  |   |  |  |   |
|--|---|--|---|--|--|---|
| Umbótaþættir Skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | Markmið með umbótum   | Aðgerðir til umbóta  | Tímaáætlun  | Ábyrgðaraðili  | Endurmat; hvenær og hvernig  | Viðmið um árangur   |
| Hvað þarf að bæta  | Að hverju er stefnt   | Hvernig framkvæmum við það   | Hvenær hefst og hvenær lokið  | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir                       | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)                            | Viðmið er gæðalýsing og/eða mæli-kvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| Skólanámsskrá  | Að komin verði drög að skólanámsskrá fyrir lok skólaárs.                                | Skólastjóri, aðstoðarleik-skólastjóri og deildarstjórar finna tíma þegar rólegt er í leikskólanum til að fara út úr húsi og hefja vinnuna við skólanámsskrá.     | Sem fyrst og lýkur fyrir sumarlokun 2022.                             | Skólastjóri og aðstoðarleik-skólastjóri.               | Janúar 2022 og júní 2022<br><br>Samráðsfundir með ólíkum hópum starfsfólks.            | Að komin sé skýr stefna á markmið og starfsemi Víkurinnar.  |
| Innra mat  | Allt starfsfólk fái fræðslu um framkvæmd innra mats, svo allir geti verið þátttakendur. | Aðstoðarleik skólastjóri kynnir starfsfólki matsáætlun skólaársins í október 2021.<br><br>Matsteymi fundi og skipti með sér verkum, geri matsáætlun, greinargerð | Hefst í október 2021. Símat jafnt og þétt yfir árið. Líkur júní 2022. | Aðstoðarleik-skólastjóri, deildarstjórar og matsteymi. | Janúar 2022 og júní 2022<br><br>Samráðsfundir með ólíkum hópum starfsfólks. Matsteymi. | Að framkvæmd innra mats verði skýr og að allt starfsfólk taki þátt.                                   |

|  |  |                       |  |  |  |  |
|--|--|-----------------------|--|--|--|--|
|  |  | og umbóta-<br>áætlun. |  |  |  |  |
|--|--|-----------------------|--|--|--|--|

## 6.4.2. Uppeldis- og menntastarf

| Skipulag náms og námsaðstæður              |   |   |  |   |   |  |
|--|---|---|--|---|---|--|
| Umbótapættir skipulag náms og námsaðstæður | Markmið með umbótum   | Aðgerðir til umbóta   | Tímaáætlun   | Ábyrgð-araðili                          | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta                          | Að hverju er stefnt   | Hvernig framkvæmum við það  | Hvenær hefst og hvenær lokið   | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir        | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði   |
| Hljóðvist                                  | Að minnka stanslaust áreiti v/ hljóðmengunnar.                  | Kaup á nýjum og betri hljóðeinangrandi skilrúmunum, klára að setja upp hljóðdempandi efni á vegg. | Byrjuðum á einni deild í janúar 2020. Klára þarf að bæta hljóðvist á öllum deildum í lok árs 2021. | Skólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri. | Október 2020<br>Á starfsmannafundi vor 2022.                | Börn og starfsfólk hætta að kvarta yfir hávaða og höfuðverk. Betur gengur að vinna með börnin í minni hópum. Starfsfólk finnur fyrir minna álagi v/ áreitis. |
| Leikskólalóð                               | Að útivera auki nám og proska barnanna.                         | Klára þarf að vinna að endurbótum á skólalóð.   | Byrjaði í ágúst 2020.  | Skólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri. | Vor 2022 á deildarstjóra- og starfsmannafundi.              | Að börnin finni gleðina við að fara út að leika og læri og þroskist í útiverunni.  |
| Efniviður                                  | Að efniviður sé aðgengilegur fyrir allt starfsfólk leikskólans. | Finna þarf rími og lausnir að aðgengi fyrir sameiginlegan efnivið.                                | Janúar 2022.   | Starfsfólk Víkurinnar.                  | Vor 2022 á starfsmannafundi.                                | Allt starfsfólk nýtir sér sameiginlegan efnivið í daglegu starfi.  |
| Leikefni                                   | Að allar deildir bjóði upp á svipuð leikefni.                   | Taka saman allan efnivið til leiks og deila   | Byrjar fyrir sumarlokun.   | Starfsfólk Víkurinnar.                  | Reglulega yfir árið.  | Allar deildir upplifa sig vera að sitja við sama borðið.   |

|  |  |                       |  |  |  |  |
|--|--|-----------------------|--|--|--|--|
|  |  | jafnt á milli deilda. |  |  |  |  |
|--|--|-----------------------|--|--|--|--|

| Uppeldi, menntun og starfshættir           |                      |   |                                      |                                    |   |  |
|--|----------------------|---|--------------------------------------|------------------------------------|---|--|
| Umbótaþættir skipulag náms og námsaðstæður | Markmið með umbótum  | Aðgerðir til umbóta   | Tímaáætlun                           | Ábyrgðaraðili                      | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta                          | Að hverju er stefnt  | Hvernig framkvæmum við það  | Hvenær hefst og hvenær lokið         | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir   | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| Samveru-<br>stundir                        | Setja skýr markmið . | Útbúa áætlun svo hægt er að fylgjast með að farið sé í alla þætti sem leggja þarf áherslu á í samverustundum. | Lok ágúst 2021.<br><br>Október 2021. | Deildarstjói og starfsfólk deilda. | Janúar 2122.  | Fara yfir hvort áætlun hafi verið fylgt.   |

| Námssvið leikskóla                 |                     |                            |                              |                                  |   |  |
|------------------------------------|---------------------|----------------------------|------------------------------|----------------------------------|---|--|
| Umbóta-þættir námssvið leikskólans | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta        | Tímaáætlun                   | Ábyrgðaraðili                    | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta                  | Að hverju er stefnt | Hvernig framkvæmum við það | Hvenær hefst og hvenær lokið | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |

|             |  |  |   |                                 |  |  |
|-------------|--|--|---|---------------------------------|--|--|
| Orð dagsins | Að hafa orð dagsins á hverjum degi og sýnilegt fyrir foreldra. | Útbúa áætlun fyrir og eftir áramót. Hafa einn umsjónamann á hverri deild sem ber ábyrgð. | Hefst í ágúst 2021 og er út allt skólaárið. | Deildarstjóri og umsjónarmaður. | Endurmetið hvernig gengur í janúar 2022. | Að börn börn þekki flest orðin á listanum. |
|-------------|--|--|---|---------------------------------|--|--|

**Mat á námi og velferð barna**

| Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna | Markmið með umbótum                | Aðgerðir til umbóta  | Tímaáætlun                   | Ábyrgðar- aðili   | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
|--|------------------------------------|--|------------------------------|---|---|--|
| Hvað þarf að bæta                          | Að hverju er stefnt                | Hvernig framkvæmum við það   | Hvenær hefst og hvenær lokið | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir                                      | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| TRAS                                       | Að gera skráningar markvissari.    | Stefnt er á að taka inn Tras skráningu á Víkinni ásamt Kirkjugerði og Sóla.  | Upphaf næsta skólaárs.       | Aðstoðar-leikskóla- stjóri, deildar- stjórar og sérkennslu- ráðgjafi. | Skólalok 2022.  | Við lok skólaárs 2021 verður komin Tras skráning fyrir börn leikskólans.                             |
| Skráningar                                 | Að gera skráningar mark-vissari.   | Aðstoða-leikskólastjóri og deildar- stjórar funda um um hvernig sé best að framkvæma skráningar. Að allt starfsfólk deildarinnar sé meðvitað um skráningu. | Upphaf næsta skólaárs.       | Deildar- stjóri.  | Skólalok 2021.  | Fyrir foreldraviðtöl í mars verður búið að fara yfir alla þætti skráningu á öllum börnum.            |
| Mat á námi                                 | Að börnin meta nám sitt reglulega. | Gera reglulega skráningu á mati barnanna á sínu námi.  | Byrjun haust- annar 2021.    | Starfsfólk.   | Vor 2022.   | Börnin kunni að meta sjálf hvernig þeim  |



|  |  |   |  |  |  |                        |
|--|--|---|--|--|--|------------------------|
|  |  | Setja upp form sem starfsfólk getur fyllt út. |  |  |  | gengur í leikskólanum. |
|--|--|---|--|--|--|------------------------|

## 6.4.3. Leikskólabragur

| Viðmót og menning   |                         |  |   |                                  |   |  |
|---|-------------------------|--|---|----------------------------------|---|--|
| Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna                    | Markmið með umbótum     | Aðgerðir til umbóta  | Tímaáætlun  | Ábyrgðar-aðili                   | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta   | Að hverju er stefnt     | Hvernig framkvæmum við það                                   | Hvenær hefst og hvenær lokið                          | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| Að fólk í samfélaginu sé meðvitað um góða starfsemi á Víkinni | Að starfið sé sýnilegt. | Að skrifa greinar í fjölmiðla og bjóða fjölmiðlum í hemsókn. | Yfir næsta skólaár. Fer eftir tíma-setningu viðburða. | Aðstoðar-leikskóla-stjóri.       | Lok skólaárs 2022.  | Hvort einhverjar fréttir hafa verið birtar af starfi skólaársins.                                    |

| Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun |                                    |   |                                  |  |   |  |
|---|------------------------------------|---|----------------------------------|--|---|--|
| Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna              | Markmið með umbótum                | Aðgerðir til umbóta   | Tímaáætlun                       | Ábyrgðar-aðili                               | Endurmat; hvenær og hvernig                                 | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta                                       | Að hverju er stefnt                | Hvernig framkvæmum við það                                      | Hvenær hefst og hvenær lokið     | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir             | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| Samstarf við frístund                                   | Kynna betur samstarf við frístund. | Kynnt í upphafs viðtali við foreldra. Verður kynnt enn frekar á | Júní 2021<br>Septem<br>ber 2021. | Aðstoðar-leikskóla-stjór og deildar-stjórar. | Í mars 2022.<br><br>Foreldrar spurðir í foreldra-viðtölum.  | Að foreldra upplýsi sig upplýsta um framkvæmd.   |

|                                    |   |   |                                   |  |   |  |
|------------------------------------|---|---|-----------------------------------|--|---|--|
|                                    |   | hópforeldra-fundi.  |                                   |  |   |  |
| Fyrirkomu- lag milli jóla og nýárs | Kynna betur fyrirkomu- lag milli jóla og nýárs. | Kynnt í upphafs viðtali við foreldra.<br><br>Verður kynnt enn frekar á hópforeldra-fundi. | Júní 2021.<br><br>Septem-ber 2021 | Aðstoðar-leikskóla- stjórn og deildar- stjórnar. | Í mars 2022.<br><br>Foreldrar spurðir í foreldra- viðtölum. | Að foreldra upplýsi sig upplýsta um framkvæmd. |

| Viðhorf foreldra                           |                             |  |   |  |  |  |
|--|-----------------------------|--|---|--|--|--|
| Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna | Markmið með umbótum         | Aðgerðir til umbóta  | Tíma- áætlun  | Ábyrgðar- aðili                                      | Endurmat; hvenær og hvernig  | Viðmið um árangur  |
| Hvað þarf að bæta                          | Að hverju er stefnt         | Hvernig framkvæmum við það   | Hvenær hefst og hvenær lokið  | Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir                     | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)  | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði |
| Viðhorf foreldra                           | Fram-kvæma foreldra-könnun. | Fylgja því eftir að framkvæma foreldrakönnun þegar hún er hluti af innra mati skólans. | Sam- kvæmt langtíma- áætlun innra mats fer fram- kvæmd fram skólaárið 2022- 2023.   | Skólastjóri, aðstoðar- leikskóla- stjórn, matsteymi. | Skólaárið 2022-2023.   | Að foreldrar fái tækifæri á að koma skoðun sinni á framfæri á markvissan hátt.                       |
| Aðbúnaður og hljóðvist                     | Bæta aðbúnað og hljóðvist.  | Vinna að úrbótum á aðbúnaði og hljóðvist.  | Vinna við úrbætur á hljóðvist lok árs 2021.<br><br>Óvist hvenær hægt verður að bæta | Skólastjóri, aðstoðarlei- kskólastjóri.              | Hljóðeinangra ndi plötur settar á vegg til að bæta hljóðvist.<br><br>Þegar teikningar verða komnar af stækkun við Hamarskóla | Að aðbúnaður og hljóðvist sé viðunandi í skólanum og að börnunum líði vel í vinnu umhverfi sínu.     |

|  |  |  |                    |  |   |  |
|--|--|--|--------------------|--|---|--|
|  |  |  | aðbúnað í Víkinni. |  | sjáum við hvað gert verður til að bæta aðbúnað í Víkinni. |  |
|--|--|--|--------------------|--|---|--|

## 7. Samstarf við grenndarsamfélag

Eins og áður segir er Víkin leikskóladeild í góðu samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja. En við erum þó ekki einungis í samstarfi við skólann, við leggjum einnig áherslu á að vinna með öðrum úr okkar næsta nágrenni og má þar helst nefna Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum. En við förum einu sinni í mánuði og syngjum fyrir heimilisfólk. Einnig stefnum við að því að endurvekja heimsóknir í dægradvölinu með lítinn hóp barna í einu og föndra og spjalla við heimilisfólkið.

Við vinnum með Slökkviliði Vestmannaeyja og Lögreglunni í Vestmannaeyjum að fræðslu fyrir börnin. Fáum þá bæði í heimsókn til okkar og kíkjum í heimsókn til þeirra. Auk þess kíkjum við í vettvangsferðir víða um bæinn, Sæheimar, Sagnheimar og Eldheimar eru meðal þeirra safna sem við heimsækjum ár hvert. Að auki kíkjum við í heimsókn í önnur fyrirtæki hér í Eyjum og kynnum okkur starfsemi þeirra í óvissuferð okkar að vori.

## 8. Samstarf við foreldra

Það er stórt skref fyrir börn að skipta um skóla og er því nauðsynlegt að undirbúa það skref vel, bæði fyrir börnin og foreldrana. Gerður hefur verið verkferill um aðlögun barna af Kirkjugerði og Sóla yfir í Víkina og má finna hann á heimasíðu Víkurinnar [www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is) undir flípanum *Skólastarfið, Áætlanir og skýrslur*.

Við í Víkinni 5 ára deild leggjum mikla áherslu á að hafa gott samstarf við foreldra. Við upphaf skólaárs, þegar börnin byrja hjá okkur höfum við einstaklingsviðtal, þar sem foreldrar og deildarstjóri fá tækifæri til að stilla saman strengi fyrir komandi ár. Einstaklingsviðtal er svo aftur í mars, en þá fáum við tækifæri til að endurmeta stöðuna og ræða framhaldið. Hópfundur með foreldrum er haldinn snemma að hausti þegar starfsemin er að komast í gang. En þar kynnum við starf vetrarins og ræðum við foreldra. Að auki fundum við með foreldrum þegar við höfum áhyggjur af þroska eða hegðun barns.

Karellen er leikskólaapp sem notað er fyrir flest samskipti, þar setjum við inn myndir, fréttir og sendum foreldrum skilaboð ef þess þarf. Karellen fylgir heimasíða, [www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is). Þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um starfsemi leikskólans ásamt fréttum af starfinu okkar. Við erum einnig með facebook síðu fyrir hverja deild, þar sem settar eru inn tilkynningar til foreldra og sagt frá því sem við erum að gera á hverjum degi.

Einu sinni á önn erum við með foreldrakaffi, þar sem foreldrum er boðið í heimsókn til okkar í smá spjall og kaffi og fá þá í smá stund að taka þátt í leik og starfi með börnunum og fá að sjá nánar hvað börnin þeirra eru að gera í leikskólanum.

Víkin á fulltrúa í stjórn foreldrafélags Grunnskóla Vestmannaeyja, er Styrmir Jóhannsson. Í foreldraráði Víkurinnar eru Lilja Björg Arngrímsdóttir, Margrét Þorsteinsdóttir og Sigríður Ása Friðriksdóttir

Foreldraráð Víkurinnar

---

Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir,  
aðstoðareikskólastjóri Víkurinnar

---

Lilja Björg Arngrímsdóttir

---

Margrét Þorsteinsdóttir

---

Anna Rós Hallgrímsdóttir,  
skólastjóri GRV

---

Sigríður Ása Friðriksdóttir